

Nr. 120 /10 Þorlákur ÍS 15***Fékk í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2446
Smíðaður: Póllandi 2000, stál
Stærð: 156,6 brl. 251 bt.
Mesta lengd: 28,9 m Skráð lengd: 26,64 m
Breidd: 7,5 m Dýpt: 5,55 m
Vél: Cummins 373 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 14



Þorlákur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. september 2010 var Þorlákur ÍS 15 á línuveiðum um 20 sml. N af Kögri. Veður: NA 10 m/sek. og dálítill sjór

Við línudráttinn kom eitt millifærið upp í flækju og fór hluti þess undir skipið með þeim afleiðingum að það fór í skrúfuna og vélin stöðvaðist. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og kom björgunarskipið Gunnar Friðriksson og dró Þorlák ÍS til Bolungavíkur. Ekki urðu skemmdir við þetta.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.